

## Fundur í Háskólaráði

Dags. 23.05.23

Staður og tími: Teams 13.00

Málsnúmer: 2303215

**Fulltrúar HB:** Margrét Jónsdóttir Njarðvík, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, Arney Einarsdóttir, Hanna Kristín Skaptadóttir, Sævar Ari Finnbogason, Ása Laufey Sigurðardóttir, Ása Sigurlaug Harðardóttir

**Fulltrúar nemenda:** Birgitta Ásbjörnsdóttir, Embla Líf Hallsdóttir, Hlynur Finnbogason,

**Áheyrnaraðilar:** : Anna Jóna Kristjánsdóttir, Stefán Wendt, Anna Þórunn Reynis

**Fjarverandi:** Sólveig Hallsteinsdóttir, Lydía Geirsdóttir

### Dagskrá:

- Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykkar. Samþykkt samhljóða
- Anna Þórunn Reynis kynnt til starfa og fór yfir uppgjör jan – mars
- Skýrsla rektors
  - Samningur við ráðuneytið ekki enn verið undirritaður
  - Samstarfssjóðurinn verður aftur opinn á þessu ári og deildir farnar að undirbúa verkefni
  - Mikill kraftur í framkvæmdastjórn HB og vel hefur gengið á verkefnalistann á vormisseri
  - Staða umsókna er góð en herferðin er ólík fyrri árum þar sem umsóknarfrestur er annar en áður. Nú er hann 31. maí fyrir allt nám en áður var meistaranám 15. maí og allt annað nám 15. júní
  - Ekkert að gerast í sameiningarmálum
  - Búið að ráða í fasta stöðu í lagadeild og ráðningarferli rannsóknarstjóra og mannauðsstjóra í fullu gangi
  - Tveir nýjir aðilar í stjórn Háskólans á Bifröst Tómas Már Sigurðsson og Ársæll Harðarson sem einnig verður formaður stjórnar. Úr stjórn gengu Leifur Runólfsson og Marteinn Jónsson
  - Móttökusíminn verður nú opinn milli kl 9-12 og 13-15. Umferð beint inn á heimasíðuna, í bein símanúmer og tölvupóst utan þessa opnunartíma.
  - Markaðsherferð Bifrastar hefur vakið athygli og verður tilnefnd til Lúðursins.
  - Mikið verið að vinna í rannsóknum og er næsta gæðaúttekt tileinkuð rannsóknum. Því verður mikil áhersla á þau mál
  - Lagadeildin fór í heimsókn í HA til í benchmark ferð. Stjórnsýslan fór að sama skapi í HR.
  - Í heimsókn er Fullbright fulltrúi og er að taka út starfsemina og aðstoða okkur við að sjá okkur með gestsauga. Hann er fyrrum rektor háskóla í Bandaríkjunum og þekkir háskóla umhverfið vel.



- Fulltrúar háskólaráðs í fulltrúaráði Háskólans á Bifröst
  - Sævar Ari Finnbogason kjörinn fulltrúi ráðsins 2024-2026
  - Birgitta Ásbjörnsdóttir varamaður til eins árs
- Erindi frá nemendum
  - Aðalfundur nemendafélagsins framundan og komin framboð í mörg embætti
  - Undirfélögin öll komin af stað
  - Birgitta hefur verið á fundi með LÍS vegna nýs reiknilíkans og framundan er önnur vinnustofa vegna innritunargáttarinnar.
  - Gæðaráðstefnan virkilega vel heppnum og var Birgitta með erindi sem fulltrúi LÍS og háskólans á Bifröst
  - Rætt um mikilvægi þess að upplýsingar frá nemendafélagi flytjist á milli stjórna
  - Dagur miðlunar og almannatengsla var síðasta föstudag og var mjög skemmtilegur og áhugaverður og hrósi komið á framfæri
  - Hlynur þakkaði Emblu og Birgittu þakkað fyrir sín störf í þágu nemendafélagsins en þær eru að ganga úr stjórn nemendafélagsins
- Erindi frá starfsfólki
  - Mikilvægi þess að hitta nemendur á staðlotum til að mynda tengsl rætt
  - Fulltúum nemendafélagsins þakkað fyrir frábær störf.
  - Komið á framfæri þakklæti til allra sem lögðu hönd á plóg í misserisverkefnavinnunni sem gekk vel.
  - Spurning hvort hægt er að gera meira eða sýna frá vinnunni sem á sér stað áður en varnir fara fram.
  - Umræða hvort hægt væri að koma á fót hlaðvarpi um misserisverkefnin og vinnu hópanna.

Fundi slitið kl. 13.40

Fundarritari: Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir